

64. fundur Menningarmálanefndar Skaftárhrepps 10.6.2016

Mættir: Þuríður Helga, Ingólfur Hartvigsson, Sólveig Ólafsdóttir og Gerður Þórisdóttir

Formaður setur fund kl.19:30 í Kirkjubæjarskóla

Dagskrá fundar:

1. Kammertónleikar á Klaustri 2016

Formaður býður nýjan nefndarmann, Gerði Þórisdóttir, velkomna.

Gisting:

Rætt um gistiþláss og herbergjaskipan fyrir hópinn. Þuríði falið að athuga með að fá sængurföt lánuð. Einnig vantar ferðarúm fyrir ungbarn, Sólveigu falið að sjá um það, einnig að ræða við Sigmar um að fá frítt í Sund fyrir hópinn.

Matur:

Icelandair Hótel Klaustur og Hótel Laki bjóða hópnum í kvöldverð og Systrakaffi býður upp á hádegisverð á laugardaginn. Þuríði falið að hafa samband við Hótel Núpa og athuga hvort þau séu tilbúin að taka á móti hópnum í hádegisverð á föstudeginum. 2 boðsmiðar á hverja tónleika til þeirra staða sem gefa mat. Þuríður tekur að sér að leitast eftir styrk frá Kjarval í formi úttektar vegna morgunmatar fyrir hópinn. Sólveigu falið að ræða við Rannveigu Bjarnadóttur um sunnudagskaffið.

Gjafi:

Gjafir til listamanna og barna í tónlistarmiðjunni. Ákveðið að reyna finna gjafir úr heimabyggð fyrir listamennina, ákveðið að ræða við Klaustursbleikju. Sú hugmynd kom upp að gefa þátttakendum í tónlistarmiðjunni plöntur. Sólveigu Páls falið að sjá um það.

Annað:

Sá möguleiki ræddur að fá gestaspilar á eina tónleikana. Orra falið að ræða við Þjóðgarðinn um að sjá um kaffisölu á tónleikunum. Undirbúningur fyrir gistingu s.s. dýnur, þrif á herbergjum. Rætt um nýja aðferð til að reyna kveikja áhuga heimafólks, happdrætti. Rætt um kynning á tónleikunum, ákveðið að reyna koma veggspjöldum á alla helstu ferðapjónustustaði í nágrenninu. Sólveig og Orri taka að sér að dreifa veggspjöldum um svæðið ásamt Þuríði.

Ekki meira rædd að sinni.

Fundi slitið kl.22:30